



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b.
105 Reykjavík

	Skipulagsstofnun
Mótt.:	13. jan. 2021
Málnr.	
<hr/>	

Reykjavík, 8.1.2021
Tilvísun vor: M-2014-079/ 07.04

Efni: **Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 – Tillaga til kynningar. Athugasemdir Landsvirkjunar.**

Vísað er á vef Skipulagsstofnunar þar sem kynnt er tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Tillagan er kynnt sbr. 11. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Umhverfis- og auðlindaráðherra fól Skipulagsstofnun árið 2018 að hefja vinnu við breytingar á Landsskipulagsstefnu 2015-2026 þar sem mótuð yrði nánari stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu. Gert er ráð fyrir að Landsskipulagsstefna 2015-2026 gildi áfram með eftirfarandi breytingum:

1. Lagt er til að fjórum nýjum aðgerðum verði bætt við 4. kafla Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem fjallar um skipulagsmál á haf- og strandsvæðum.
2. Lagt er til að þremur nýjum köflum verði bætt við Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Þeir kaflar sem lagt er til að bætist við eru eftirfarandi:
 - ✓ Kafli 5. Loftslagsmiðað skipulag
 - ✓ Kafli 6. Staðarmótun og landslagsvernd
 - ✓ Kafli 7. Heilsuvæn byggð og landnotkun

Samkvæmt viðaukanum er verið dýpka og útfæra þá stefnu sem fyrir er í landsskipulagsstefnunni.

Athugasemdir

Landsvirkjun hefur kynnt sér viðaukann og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Kafli 5: Loftslagsmiðað skipulag

Í kafli 5.0.1 Stefna um loftslagsmiðað skipulag, kemur meðal annars eftirfarandi fram (bls. 13):

„Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir því sem við á svæðisskipulagi, verði mörkuð stefna um loftslagsmál. Hún feli í sér stefnu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun og að auka kolefnisbindingu, með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. Einnig stefnu um aðlögun byggðar og samfélags að afleiðingum loftslagsbreytinga. Miðað verði að eins miklum og skjótum árangri og kostur er við að draga úr losun og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda, að teknu tilliti til staðbundinna aðstæðna.“

Landsvirkjun vill benda á að á Íslandi hafa sveitarfélög og einstaklingar frá upphafi nýtingar orku til upphitunar húsa og framleiðslu rafmagns tekið sig saman um rekstur slíkra verkefna í félögum sem ekki voru rekin í ágóðaskyni. Í Evrópu hefur verið aukin áhersla á að styðja við hópa einstaklinga, sveitarfélaga og smærri fyrirtækja um stofnun orkusamfélaga.



Markmið er að gefa almenningi aukin tækifæri til að taka raunveruleg þátt í orkumálum þannig að hann geti til dæmis bæði verið notandi orku sem og framleiðandi. Orkusamfélög eru ekki rekin í hagnaðarskyni heldur til að ýta undir sjálfbærar og kolefnishlutlausan lífstíl samfélaganna, byggt á þeim auðlindum sem eru aðgengileg hverju og einu samfélag. Landsvirkjun leggur til að í landskipulagsstefnu verði sérstaklega hugað að því hvernig skipulagsáætlanir sveitarfélaga geti stutt við orkusamfélög með það að markmið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun.

2. Kafli 6.1.6: Greining og kortlagning óbyggðra víðerna á landsvísu og leiðbeiningar um staðbundna kortlagningu óbyggðra víðerna.

Huga þarf að notkun hugtaksins óbyggð víðerni. Það er annars vegar friðlýsingarflokkur samkvæmt lögum um náttúruvernd og hins vegar notað sem þekja á kortum án sérstakrar tengingar þarna á milli. Slíkt getur valið óvissu eða misskilningi t.d. um hvort svæðin sem eru tilgreind sem óbyggð viðerni á korti séu friðlýst sem slík eða ekki.

a. Í kaflanum kemur meðal annars fram (bls. 39):

„Skipulagsstofnun, í samráði við Umhverfisstofnun, hafi forgöngu um að ávallt sé aðgengilegt uppfært kort af óbyggðum víðernum á landsvísu ásamt lýsingu megin víðernissvæða. Skipulagsstofnun gefi jafnframt út leiðbeiningarefni fyrir staðbundna greiningu og kortlagningu óbyggðra víðerna við skipulagsgerð. Mörk óbyggðra víðerna miði almennt við 5 km frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum sem teljast ágeng gagnvart náttúrugæðum óbyggða.“

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, með síðari breytingum (frá nóvember 2020) er ákvæði þar sem lagt er til að við löginn bætist nýtt ákvæði sem fjallar um kortlagningu óbyggðra víðerna. Á eftir 73. gr. laganna kæmi ný grein, 73. gr. a, ásamt svohljóðandi fyrirsögn:

„Kort um óbyggð víðerni. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um þau viðmið og forsendur sem liggja til grundvallar kortlagningunni. Kort með upplýsingum um óbyggð víðerni skal vera til leiðbeiningar fyrir stjórnvöld við stefnumótun um verndun landslags og aðra landnotkun.“

Landsvirkjun benti á í umsögn sinni við frumvarpið að það gæti verið til bóta að kortleggja óbyggð víðerni. Að mati Landsvirkjunar þarf þó að vera skýrt hver hefði slíkt með höndum, hvernig meðferð slíkrar kortlagningar yrði háttað, hvaða réttaráhrif slíkt hefði og hvaða aðkomu hagaðilar hefðu að þeirri vinnu.

Í framsettum gögnum er lagt til að Skipulagsstofnun hafi forgöngu um að ávallt sé til uppfært kort af óbyggðum víðernum en ekki kemur fram hvernig sú kortagerð skuli fara fram né hvaða aðkomu hagaðilar muni hafa að þeirri vinnu. Mikilvægt er að það verði tilgreint í landskipulagsstefnu aðferðafræði kortlagningar, aðkomu hagaðila og hvar hægt sé að nálgast útgefið og/eða opinbert kort hverju sinni ásamt lýsingu á víðernissvæðunum.

Landsvirkjun telur æskilegt að endanleg niðurstaða um afmörkun óbyggðra víðerna eða að minnsta kosti drög að korti af óbyggðum víðernum séu gefin út með viðaukanum en ítrekað er mikilvægi þess að hafa samráð við þá kortagerð. Einnig væri ákjósanlegt að leiðbeiningar efni Skipulagsstofnunar við kortlagningu víðerna væri gefið út samhliða.

Varðandi forsendur afmörkunar víðerna telur Landsvirkjun að nauðsynlegt sé að taka tillit til mismunandi landslagsheilda eða landforma. Landslag er mismunandi og getur byrgt sýn að viðkomandi mannvirki eða tæknilegum ummerkjum líkt og bent er á í viðaukanum (bls. 39).



b. Í kaflanum kemur einnig fram (bls. 39):

„Skerðingarvegalengd verði lengri en 5 km í tilviki mjög stórra mannvirkja og tæknilegra ummerkja, en stytti en 5 km vegna umfangsminni mannvirkja og tæknilegra ummerkja, sem þó teljast skerða náttúrugæði óbyggða.“

Landsvirkjun telur að ekki sé ljóst hvað átt er við með mjög stórum mannvirkjum. Ekki sé heldur ljóst hvort átt er við tæknileg ummerki eins og raflínur, orkuver, miðlunarlón og uppbryggða veki eins og þeim er lýst er í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 (bls. 16). Skýra þarf betur framangreind hugtök. Ef hér er átt við mannvirki eins og vindmyllur og vindmyllugarða er eðlilegt að það sé tekið fram í viðaukanum. Jafnframt er óljóst hvað átt er við með að skerðingarvegalengd verði lengri en 5 km í slíkum tilvikum. Eðlilegra væri að gefa einhver viðmið þ.a. það sé ekki mat hvers og eins hvaða skerðingarvegalengd eigi að miða við.

Virðingarfyllst,

Kristín Linda Árnadóttir
aðstoðarforstjóri

Axel Valur Birgisson
sérfræðingur